



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Yfirlit vegna bókhaldslegs aðskilnaðar Íslandspósts á grundvelli ABC kostnaðarlíkans sem notað var til loka ársins 2012

Með ákvörðun PFS nr. 18/2013 var 11 tilteknum fyrirmælum beint til Íslandspósts í tengslum við kostnaðarbókhald félagsins. Frá því að ákvörðunin var tekin hefur fyrirtækið unnið að innleiðingu þessara fyrirmæla.

Hér fyrir neðan er að finna yfirlit yfir innleiðingu fyrirmælanna.

- Íslandspóstur hefur lagt fram nýtt LRAIC kostnaðarlíkan ásamt fylgiskjölum og ítarlegum skýringum, þar sem tekið er tillit til fyrirmæla í tl. 1-6.
- Samhliða hefur ÍSP lagt fram yfirlit yfir rekstur og efnahag félagsins á grundvelli hins nýja kostnaðarlíkans í samræmi við tl. 7-8.
- Í samræmi við tl. 9 hefur Íslandspóstur hafi lagt fram fullnægjandi upplýsingar að mati Póst- og fjarskiptastofnunar um að efni hafi staðið til þess að forsendur hafi verið fyrir a.m.k. 300 millj. kr. leiðréttingarfærslum frá samkeppnisrekstri yfir á einkarétt á árinu 2011 vegna mats á alþjónustubyrði í ABC kostnaðarlíkani¹ félagsins enda náði líkanið ekki að fanga alþjónustubyrði félagsins, sérstaklega vegna kostnaðar við landpóstadreifingu og reksturs afgreiðslunets fyrirtækisins. Að fenginni þessari niðurstöðu telur PFS ekki þörf á að yfirfara frekar þær millifærslur sem áttu sér stað á árunum 2009 til 2012, á grundvelli ABC kostnaðarlíkansins, enda þjónusta fyrirtækisins að því er viðkemur alþjónustu, og þar með hin kostnaðarlega byrði, byggði á sömu forsendum öll árin.

Leiðréttingarfærslur vegna ABC kostnaðarlíkans hafa verið eftirfarandi á undanförunum árum:

2012 315 millj. kr.
2011 300 millj. kr.
2010 203 millj. kr.
2009 214 millj. kr.

¹ ABC kostnaðarlíkan ÍSP var notað til ársins 2012, en frá rekstrarárinu 2013 er notast við LRAIC kostnaðarlíkan þar sem beitt er annarri nálgun við mat á alþjónustukostnaði og þar með -byrði félagsins og ekki um sérstakar leiðréttingarfærslur vegna alþjónustukostnaðar að ræða eins og gert var í eldra líkani. LRAIC líkanið er til yfirferðar hjá PFS.

Samhliða hefur Íslandspóstur lagt fram nýtt heildarmat á alþjónustubyrði félagsins vegna ársins 2013, sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur haft til umfjöllunar og mun birta niðurstöðu sína með ákvörðun á næstunni.

- Í samræmi við tl. 10 hefur Íslandspóstur gert nánari grein fyrir taprekstri í einstökum þjónustuflokkum í samkeppnisrekstri sínum, m.a. á grundvelli jaðarkostnaðarnálgunar.
- Álitsgerð óháðs endurskoðunaraðila liggur fyrir um að samræmi sé milli lýsingar Íslandspósts um það hvernig kostnaði sé skipt og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði félagsins, sbr. tl. 11.

Með þessu getur Póst- og fjarskiptastofnun staðfest réttmæti bókhaldslegs aðskilnaðar Íslandspósts á árinu 2011, þar sem rekstrar- og fjárfestingarkostnaður er staðfærður með viðurkenndum hætti í kostnaðarbókhaldi félagsins. Sama á við um önnur ár þar sem gerðar voru leiðréttingarfærslur vegna ABC kostnaðarlíkans Íslandspósts þ.e. á árabílinu 2007-2012.

Af ofangreindu leiðir að bókhaldslegur aðskilnaður og kostnaðarbókhald ÍSP samkvæmt hinu eldra ABC kostnaðarlíkani mun ekki koma til frekari skoðunar af hálfu PFS.

Reykjavík 30. júní 2015